

Sjónvarp

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað sjónvarp til þess að horfa á krakkafréttir, kvikmyndir og þætti
- ★ Við getum notað sjónvarp til þess að spila tölvuleiki
- ★ Við getum notað sjónvarp til þess að hlusta á tónlist og sögur
- ★ Við getum notað sjónvarp til þess að fá leiðbeiningar eins og kennslumyndband

Við verðum að fá leyfi hjá starfsfólki frístundaheimilisins ef við viljum nota sjónvarpið. Við þurfum að fylgja reglum starfsfólksins. Það má hætta að nota sjónvarpið og fara út eða í annað val ef við viljum ekki horfa á það lengur. Ef við hræðumst eitthvað sem við heyrum eða sjáum í sjónvarpinu eða líkar það ekki, er gott að tala um það við einhvern sem við treystum.



Bækur / tímarit

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að lesa eitthvað áhugavert
- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að afla okkur frekari upplýsinga um það sem vekur áhuga okkar
- ★ Við getum skoðað myndir í bókum og tímaritum
- ★ Við getum lesið og skoðað teiknimyndasögur í tímaritum og bókum
- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að fá leiðbeiningar eins og matreiðsluuppskriftir

Við megum alltaf ná okkur í bók eða tímarit til þess að lesa eða skoða. Við þurfum ávallt að ganga frá bókum og tímaritum þegar við hættum að nota þau. Það má hætta að nota bækur og tímarit og fara í annað val þegar við viljum. Ef við hræðumst eitthvað sem við lesum eða sjáum í bókum og tímaritum eða líkar það ekki, er gott að tala um það við einhvern sem við treystum.




Frístundalæsi

Leikjatölva

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað leikjatölvu til þess að spila tölvuleiki
- ★ Við getum notað leikjatölvu til þess að horfa á aðra spila tölvuleiki
- ★ Við getum notað leikjatölvu til þess að hlusta á tónlist og sögur
- ★ Við getum notað leikjatölvu til þess að horfa á krakkafréttir, kvikmyndir og þætti
- ★ Við getum notað leikjatölvu til þess að fá leiðbeiningar eins og dansleiðbeiningar

Við verðum að fá leyfi hjá starfsfólki frístundaheimilisins ef við viljum nota leikjatölvu. Við þurfum að fylgja reglum starfsfólksins. Það má hætta að nota eða horfa á leikjatölvuna og fara í annað val ef við viljum. Ef við hræðumst eitthvað sem við heyrum eða sjáum í leikjatölvunni eða líkar illa við það, þá er gott að tala um það við einhvern sem við treystum.



Útvarp/hátalari

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað útvarp og hátalara til þess að hlusta á útvarpsstöðvar þar sem er spiluð tónlist og talað um ýmislegt
- ★ Við getum notað útvarp og hátalara til þess að hlusta á tónlist
- ★ Við getum notað útvarp og hátalara til þess að hlusta á sögur
- ★ Við getum notað útvarp og hátalara til þess að fá leiðbeiningar eins og umferðareglurnar

Við verðum að fá leyfi hjá starfsfólki frístundaheimilisins ef við viljum nota útvarpið eða hátalarann. Við þurfum að fylgja reglum starfsfólksins. Það má hætta að hlusta og fara í annað val ef við viljum. Ef okkur líkar illa við það sem við heyrum í útvarpinu eða hátalaranum eða hræðumst eitthvað sem við heyrum er gott að tala um það við einhvern sem við treystum.



Sími

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað krakkasíma til þess að hringja þegar við förum heim en annars eiga símarnir að vera í töskunni
- ★ Starfsfólk getur notað síma frístundaheimilisins til þess að hringja í foreldra, svara foreldrum og fá upplýsingar um hver á að labba heim eða fara í aðrar tómsundur eins og sund, fótbolta eða tónlistarskólann
- ★ Stundum notar starfsfólk sína síma til að leyfa krökkunum að hlusta á tónlist eða sögu
- ★ Starfsfólk þarf stundum að nota símann sinn til að skilja hvað við segjum og til að geta tjáð sig

Ef við viljum láta hringja í foreldra okkar þurfum við að fá leyfi starfsfólks frístundaheimilisins. Við þurfum að fylgja reglum starfsfólksins. Við getum spurt starfsfólkið hvort það geti spilað tónlist eða sögu fyrir okkur með símanum þeirra. Ef við erum með krakkasíma megum við ekki gefa ókunnugum símanúmerið okkar né lykilorðið fyrir símann.

